

Vestmannaeyjabær  
Dagný Hauksdóttir  
Kirkjuvegi 50  
900 Vestmannaeyjum

Garðabær, 13. nóvember 2025  
202510-0134/p.V.B.  
08.01

## Efni: Umsögn – Lýsing að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar - Stækkun á Iðnaðarsvæði I-3 í Viðlagafjöru -

Vísað er til erindis Vestmannaeyjabæjar er barst 31. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar og deiliskipulagi vegna stækkun á Iðnaðarsvæði I-3 í Viðlagafjöru.

Í greinargerð kemur fram með breytingu á aðalskipulagi er áætlað að stækka Iðnaðarsvæðið í Viðlagafjöru til að auka við athafnasvæði fiskeldis sem þar er starfrækt. Með breytingu deiliskipulags verður deiliskipulagssvæðið stækkað, lóðir afmarkaðar til norðurs og byggingarheimildir auknar vegna stækkunar landeldisstöðvar Laxeyjar ehf.

### Verndarsvæði

Svæðið sem breytingin nær til er innan svæðis nr. 723 á náttúruminjaskrá; Helgafell og Eldfell. Um er að ræða stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands. Innan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá eru jafnframt svæði sem hafa verið hverfisverndað sem njóta sérstöðu vegna jarðmyndana og jarðminja, og eru með mikilvægt aðdráttarafl fyrir ferðmenn, auk þess að hafa mikið verndargildi. Í lýsingunni kemur fram að mörkum Iðnaðarsvæðisins I-3 verði breytt. Svæðið yrði stækkað. Stækkunin fer inn á óbyggt svæði og inn á hverfisverndað svæði við Þorbjörn sem minnka sem stækkuninni nemur. Náttúruverndarstofnun telur að fjalla þurfi um af hverju talin er nauðsyn að breyta mörkum hins hverfisverndaða svæði og hvaða áhrif breytingin muni hafa á hverfisverndaða svæðið.

Virðingarfyllt,

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**